

## Kynning á verkefninu Sinfóníuhljómsveit Suðurlands.

**Markmið verkefnisins Sinfóníuhljómsveit Suðurlands** er að byggja upp grundvöll fyrir starfsemi klassískrar hljómsveitar á Suðurlandi.

Hugmyndasmiður verkefnisins Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri starfaði að uppbyggingu Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá stofnun hennar í 23 ár og byggir starfið á þeirri reynslu sinni.

### Ávinningur

Auðgar menningarlíf Suðurlands

Breytir starfsumhverfi tónlistarmanna á Suðurlandi

Eflir starf tónlistarskólanna á Suðurlandi

Eflir samskipti og samvinnu þeirra sem starfa að tónlist á Suðurlandi

Opnar möguleika á samstarfi annarra listgreina á Suðurlandi við klassíska atvinnuhljómsveit

Opnar möguleika á samstarfi við tónlistarmenn víðar að af landsbyggðinni

Bætir ímynd Suðurlands

Bætir sjálfsmynd íbúa Suðurlands

Stuðlar að fjölbreytni í störfum á Suðurlandi

### Framkvæmdaáætlun

Kynning verkefnisins

Myndaður hópur áhugafólks um stofnun Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands

Mynduð stjórn Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands

Rekstrarform Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands mótað

Fjármögnun verkefnisins

**Stærð hljómsveitarinnar og samsetning hennar** fer eftir verkefnum eins og sést á áætlun um verkefni. Fjórtán manna hópur myndar grunnform hljómsveitarinnar en fyrstu árin er stefnt að allt að 35 manna hljómsveit. Raunhæft er að tónlistarfólk á Suðurlandi skipi hljómsveitina að  $\frac{3}{4}$  hlutum hverju sinni. Tónlistarmenn verða verkefnaráðnir fyrir hvert verkefni.

### Áætlun um verkefni Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands fyrstu 4 árin

Fyrsta ár:	Skóla/fjölskyldu-tónleikar á 3 stöðum; 14 manna hljómsveit og sögumaður Óperutónleikar; 14 manna hljómsveit, 3 einsöngvarar og kór(ar)
Annað ár:	Skóla/fjölskyldu-tónleikar á 4 stöðum 14 manna hljómsveit og sögumaður Klassískir hljómsveitartónleikar; 30 manna hljómsveit og sólisti Tónleikar sniðnir að þátttöku tónlistarnemenda (Pollapönksmódelið)
Þriðja ár:	Skóla/fjölskyldu-tónleikar á 5 stöðum; 14 manna hljómsveit og sögumaður Aðventutónleikar 30 manna hljómsveit, einsöngvarar og kór(ar) Klassískir hljómsveitartónleikar; 35 manna hljómsveit og sólisti
Fjórða ár:	Skóla/fjölskyldu-tónleikar á 6 stöðum; 14 manna hljómsveit og sögumaður Aðventutónleikar 30 manna hljómsveit, einsöngvarar og kór(ar) Klassískir hljómsveitartónleikar; 35 manna hljómsveit og sólisti Tónleikar með rytmísku tónlistarfólki á Suðurlandi; 20 manna hljómsveit

